**LANDSSAMBAND ÍSLENSKRA ÚTVEGSMANNA**
Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.liu.is

*Alþingi*
*Erindi nr. Þ* 132/2169
*komudagur* 30.5.2006

Nefndasvið Alþingis,
v/Samgöngunefndar,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík 29.5.2006.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skráningu og þinglýsingu skipa, 666. mál, miðlægur þinglýsingargagnagrunnur.

Vísað er til bréfs samgöngunefndar þar sem okkur er sent ofangreint frumvarp til umsagnar.

Landssamband íslenskra útvegsmanna fer þess eindregið á leit við Samgöngunefnd að frumvarpið verði ekki afgreitt eins og það liggur fyrir.

Ástæða þess er sú að við teljum augljóst að þjónusta við notendur verði mun verri en með núgildandi fyrirkomulagi og á það bæði við um þinglýsingarnar og nauðungaruppboðin. Jafnframt bendum við á að með nútíma tækni á að vera unnt að koma á miðlægum þinglýsingargagnagrunni varðandi skip þar sem þinglýsingarnar geta farið fram á öllum sýslumannsembættum.

Við leggjum til að myndaður verði starfshópur þar sem notendur þjónustunnar komi að til að móta framtíðarreglur um þau álitaefni sem hér um ræðir og lýsum okkur reiðubúna til að koma að slíkri vinnu.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna

Friðrik J. Arngrímsson framkvæmdastjóri